

## AUGLÝSING

### um tímabundnar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa eða Avian Influenza berist í alifugla.

#### 1. gr.

Með vísan til þess að staðfest hefur verið tilvik fuglaflensu, Avian Influenzu af H5N1 stofni á Bretlandseyjum, hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar ákveðið að fyrirskipa eftirfarandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hindra útbreiðslu og til að afstýra hættu og tjóni af völdum sjúkdómsins.

#### 2. gr.

Öllum þeim sem halda alifugla (hænsnfugla, kalkúna, endur og gæsir) er skylt að fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Allir alifuglar skulu lokaðir inni í yfirbyggðu gerði eða húsi.
- b. Gerðin og húsin skulu vera fuglaheld.
- c. Tryggja skal að ekkert í umhverfi húsanna, s.s. fóður, laði að villta fugla.
- d. Setja skal hatta á allar loftræstitúður.
- e. Setja skal fuglanet fyrir allar loftræstitúður, op og glugga á þeim húsum þar sem alifuglar eru haldnir og skal öllum óviðkomandi bannaður aðgangur að húsinu með sérstökum merkingum á hurðum þess.
- f. Allir sem sinna fuglunum skulu nota hlífðarfatnað (galla og stígvél), sem eingöngu er notaður þar, og skulu þeir einnig þvo og sótthreinsa hendur fyrir og eftir umhirðu fuglanna.
- g. Óheimilt er að hafa önnur dýr hjá fuglunum, þ.m.t. hunda og ketti.
- h. Vatn skal uppfylla kröfur gildandi reglugerðar um neysluvatn.
- i. Gæta skal fyllsta hreinlætis í umgengni við fuglana og fylgja almennum hreinlætisreglum.

#### 3. gr.

Finnist tveir eða fleiri dauðir fuglar á sama stað skal tilkynna um það án tafar til Landbúnaðarstofnunar (héraðsdýralæknis), sem tekur ákvörðun um aðgerðir.

#### 4. gr.

Landbúnaðarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og getur veitt undanþágur frá þeim við sérstakar aðstæður, að því tilskyldu að smitvarnir séu nægilega tryggðar með öðrum hætti að mati stofnunarinnar.

#### 5. gr.

Verði eigandi eða umráðamaður alifugla ekki við tilmælum Landbúnaðarstofnunar um aðgerðir samkvæmt auglýsingu þessari getur landbúnaðarráðherra með vísan til 21. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, fyrirskipað bóttalaus förgun eða eyðingu fuglanna að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Um alifuglabú gilda einnig ákvæði reglugerðar nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdóma-  
varnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum, með síðari breytingum.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir  
gegn þeim, ásamt síðari breytingum og tekur gildi 12. apríl 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2006.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*